

VERÐBRÉFALÝSING

SPR 07 2

JÚNÍ 2008

EFNISYFIRLIT

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR	3
1.1. ALMENNT	3
1.2. MARKAÐSÁHÆTTA	3
1.3. AFLEIÐUTENGT SKULDABRÉF	3
1.4. LAGABREYTINGAR.....	4
1.5. VIÐSKIPTI Á EFTIRMARKAÐL.....	4
1.6. SKULDABRÉFIN HENTA EKKI ÖLLUM FJÁRFESTUM.....	5
2. ÁBYRGIR AÐILAR.....	6
2.1. YFIRLÝSING ÚTGEFANDA.....	6
2.2. YFIRLÝSING UMSJÓNARADILA.....	6
3. TIL FJÁRFESTA	7
4. HELSTU UPPLÝSINGAR	8
4.1. HAGSMUNIR EINSTAKLINGA OG LÖGAÐILA SEM TENGJAST ÚTGÁFUNNI.....	8
4.2.ÁSTÆÐUR FYRIR ÚTBODINU OG RÁÐSTÖFUN SÖLUANDVIRÐIS ÚTBODS.....	8
5. UPPLÝSINGAR UM SKULDBRÉFIN	8
6. SKRÁNING Á MARKAÐ OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA	11
7. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR	11
7.1. RÁÐGJAFAR	11
7.2. ÚTANANÐKOMANDI UPPLÝSINGAR	12
7.3. LÁNSHÆFISMAT.....	12
7.4. NÝJAR UPPLÝSINGAR.....	12

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

1.1. ALMENNT

Útgefandi álitur að eftirgreindir áhættuþættir skipti máli fyrir verðbréfin og geti haft áhrif á getu hans til þess að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt útgáfu skuldabréfanna og/eða skipta máli varðandi mat á þeirri markaðsáhættu er tengist bréfunum. Þessir áhættuþættir þurfa ekki að hafa áhrif á bréfin en útgefandi er ekki í aðstöðu til þess að meta líkindi þessa.

Útgefandi álitur eftirgreinda áhættuþætti tengjast fjárfestingu með bréfin, en vangeta útgefanda til þess að greiða vexti, höfuðstól eða aðrar greiðslur í tengslum við bréfin getur orðið af öðrum ófyrirséðum ástæðum en hér eru nefndar, auk þess sem aðrir þættir er hafa áhrif á markaðsáhættu tengda bréfunum geta haft áhrif á greiðslugetu útgefanda.

Útgefandi ber ábyrgð á greiðslum samkvæmt ákvæðum bréfanna þegar þau falla í gjalddaga. Kröfur á hendur útgefanda eru skilyrðislausar kröfur er flokkast sem almennar og ótryggðar kröfur. Þær ganga þannig t.d. á eftir tryggðum kröfum og öðrum forgangskröfum en á undan víkjandi og eftirstæðum kröfum. Kröfurnar eru jafnrétt háar öðrum almennum ótryggðum kröfum sem útgefandi hefur tekið á sig.

Bréfin eru háð lánsáhættu. Með lánsáhættu er átt við þá aðstöðu ef bréfin verða ekki endurgreidd af útgefanda á réttum gjalddögum og komast þannig í vanskil. Eins og gildir um önnur skuldabréf verða fjárfestar að leggja mat á greiðslugetu útgefanda og hæfi hans til þess að standa við skuldbindingar sínar. Þeir verða jafnframt að meta hvort hæfilegt álag sé á bréfunum miðað við þá áhættu sem tekin er.

Útgefandi hefur ekki samið um neins konar takmarkanir á frekari lántökum í tengslum við útgáfu bréfanna og getur þess vegna tekið á sig frekari skuldbindingar sem flokkast jafnrétt háar og kröfur samkvæmt bréfum í þessari útgáfu.

1.2. MARKAÐSÁHÆTTA

Með markaðsáhættu er átt við þá áhættu sem sameiginleg er öllum viðskiptabréfum af sama flokki. Gera má ráð fyrir að markaðsverð bréfanna breytist í takt við breytingar á markaði, hagsveiflur, fjárhagslega afkomu útgefanda og aðra þætti sem almennt hafa áhrif á markaðsverð fjármálagerninga. Slíkar breytingar á markaðsverði geta haft áhrif á seljanleika og markaðsverð fjármálagerninga.

1.3. AFLEIÐUTENGT SKULDABRÉF

Vakin er athygli á því að skuldabréfin eru afleiðutengd, þar sem 95% af höfuðstól er greiddur í einni greiðslu á lokagjalddaga skuldabréfsins. Öll greiðsla umfram 95% af höfuðstól ræðst af virði afleiðu sem tekur mið af þróun hlutabréfaverðs Straums-Burðarás Fjárfestingabanka (Straumur) og hefur grunnengið 21,15. Fá fjárfestar 120% þátttöku í hækkun fram að 40% hækkun á hlutabréfum Straums miðað við grunnengið 21,15. Bréfin eru ekki verðtryggð, en fjárfestar eiga því í hættu að fá einungis

95% af upphaflegri fjárfestingu til baka, án vaxta eða verðtryggingar sé meðalgengi Straums síðustu 7 viðskiptadaga fyrir lokagjalddaga, 11. júlí 2008, ekki hærra en 21,15.

Hlutabréf Straums hafa verið tekin til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. (www.omxgroup.com/nordicexchange/). Hafa hlutabréf Straums auðkennið STRB og ISIN númerið IS0000000644. Áður en fjárfest er í skuldabréfunum er fjárfestum ráðlagt að kynna sér Straum-Burðarás Fjárfestingabanka (www.straumur.net), þær áhættur sem felast í fjárfestingu í hlutabréfum Straums og fyrri og frekari þróun afleiðunnar.

Ekki hefur verið keypt höfuðstólstrygging frá þriðja aðila. Við slíkar aðstæður geta handhafar bréfanna fengið minna en 95% af höfuðstól skuldabréfanna endurgreiddan ef útgefandi skuldabréfanna fer í þrot eða lendir í greiðsluörðugleikum.

Einnig ber fjárfesti að hafa í huga að það felur í sér aukna áhættu ef kaup á skuldabréfunum hafa verið fjármögnuð með lánsfé, en við þær aðstæður gæti handhafi skuldabréfanna fengið minna en 95% af höfuðstól skuldabréfanna endurgreiddan. Fjárfestir getur því tapað allri upphaflegri fjárfestingu sinni og er sá möguleiki fyrir hendi að tap fjárfestis fari umfram upphaflega fjárfestingu hafi fjárfestir tekið lán til að fjármagna kaupin. Á sama hátt getur tap orðið á fjárfestingu í skuldabréfunum sé fjármagnskostnaður meiri heldur en sú ávöxtun sem skuldabréfin greiða. Er því mikilvægt að fjárfestar hafi nægilega laust fé til þess að ráða við þá áhættu sem felst í fjárfestingu á skuldabréfunum.

Grunngengi skuldabréfsins verður ekki leiðrétt fari hið undirliggjandi félag í aðgerðir sem fela í sér útgreiðslu arðs, útgáfu á nýju hlutafé eða annað sem getur haft í för með sér að gengi félagsins á markaði lækki.

1.4. LAGABREYTINGAR

Um bréfin gilda íslensk lög; um verðbréfavíðskipti með skuldabréfin gilda lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, um rafræna útgáfu þeirra og skráningu eignarrétta yfir þeim gilda lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa, um töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði gilda lög nr. 110/2007 um kauphallir og fyrning bréfanna fer eftir lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Gætu lög þessi breyst eftir að verðbréfalýsing þessi er gefin út, en Útgefanda er þó ekki kunnugt um slíkar fyrirætlanir, sem áhrif geta haft á skuldabréfin. Útgefandi getur ekki ábyrgst áhrif breyttrar lagaframkvæmdar eða lagabreytinga sem taka gildi eftir útgáfudag lýsingarinnar.

1.5. VIÐSKIPTI Á EFTIRMARKAÐI

Bréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði áður og því engin trygging fyrir því að virkur eftirmarkaður myndist með bréfin við töku þeirra til viðskipta. Útgefandi ber engar skyldur til að tryggja að slíkur eftirmarkaður sé til staðar og engin viðskiptavakt er á bréfunum né eru uppi áform um slíkt. Markaðsverð og seljanleiki bréfanna getur því breyst fyrirvaralaust eftir

markaðsaðstæðum og/eða vaxtaþróun á markaði hverju sinni og markaðsverð þeirra getur orðið lægra en það verð sem kaupandi greiddi fyrir bréfin.

1.6. SKULDABRÉFIN HENTA EKKI ÖLLUM FJÁRFESTUM

Fjárfestar verða að meta á eigin forsendum hvort fjárfesting í bréfunum sé hentug viðkomandi. Sérstaklega verður að hafa eftirfarandi í huga:

- 1) Fjárfestir verður að hafa til að bera fullnægjandi þekkingu og reynslu til þess að leggja mat á bréfin og greiðslugetu útgefanda með fullnægjandi hætti.
- 2) Fjárfestir verður að átta sig á þeim áhættum er tengjast fjárfestingu með bréfin og kynna sér rækilega þær upplýsingar sem fram koma í þessari lýsingu eða öðrum gögnum um útgefanda sem vísað er til.
- 3) Fjárfestir verður að geta metið hvaða áhrif fjárfesting í bréfunum hefur á eigin eignastöðu og fjárhagslegt bolmagn. Fjárfestir verður að hafa nægilegt bolmagn til þess að þola tap á öllu fé sem varið er til fjárfestingar í bréfunum.
- 4) Fjárfestir verður að kynna sér og skilja þá skilmála sem gilda um bréfin og þá markaði þar sem viðskipti með þau fara fram.
- 5) Fjárfestir verður að geta metið (annað hvort á eigin vegum eða með hjálp ráðgjafa) áhrif hagsveiflna, breytinga á vaxtastigi og annað sambærilegt sem getur haft áhrif á fjárfestingu með bréfin.

2. ÁBYRGIR ADILAR

2.1. YFIRLÝSING ÚTGEFANDA

Stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (hér eftir SPRON hf., SPRON, Útgefandi), kt. 540502-2770, Ármúla 13A, 108 Reykjavík, lýsir því yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 30. júní 2008

f.h. stjórnar SPRON hf.

Erlendur Hjaltason, kt. 211157-7399

Formaður stjórnar,

Jóhann Ásgeir Baldurs, kt. 171172-5439 (meðstjórnandi)

Ari Bergmann Einarsson, kt. 070649-7999 (meðstjórnandi)

2.2. YFIRLÝSING UMSJÓNARAÐILA

Glitnir banki hf. kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, hefur séð um gerð verðbréfalýsingar þessarar. Umsjónaraðili lýsir því yfir að við gerð hennar var aflað þeirra gagna sem að mati Glitnis banka hf. voru nauðsynleg til þess að gefa rétta mynd af verðbréfunum.

Glitnir banki hf., sem umsjónaraðili, lýsir því yfir að samkvæmt bestu vitund félagsins eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík 30. júní 2008

f.h. Glitnis banka hf.

Jóhannes Baldursson, kt. 211171-3919

framkvæmdastjóri markaðsviðskipta

3. TIL FJÁRFESTA

Lýsing þessi varðar útgáfu SPRON á afleiðutengdum skuldabréfum að nafnvirði kr. 2.500.000.000 og töku þeirra til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. Verðbréfalýsingin hefur verið útbúin í samræmi við VI. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Lýsing þessi samanstendur af verðbréfalýsingu, áður birtri útgefendalýsingu, þann 19. október 2007 og samantekt. Lýsing þessi hefur verið staðfest af OMX Nordic Exchange Iceland hf., samkvæmt samkomulagi við Fjármálaeftirlitið

Taka bréfa til viðskipta mun fara fram í samræmi við ákvæði laga nr. 110/2007 um kauphallir.

Fjárfestar verða að meta á eigin forsendum gæði fjárfestingarinnar og áhættur tengdar henni. Ráðlagt er að kynna sér skilmála bréfanna, sem lýst er í kafla 5, gaumgæfilega áður en ákvörðun um fjárfestingu er tekin. Líkt og gildir um flestar aðrar fjárfestingar þá eru áhættur tengdar henni, eins og er lýst í lýsingu þessari, þ.e. í kafla 1 hér að ofan og í útgefendalýsingu, birtri 19. október 2007.

Verðbréfalýsingu þessari er ætlað að veita skýra og glögga mynd af bréfunum og skilmálum þeirra auk þess sem hún hefur að geyma nýjar upplýsingar um útgefanda sbr. kafla 7 hér að neðan. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér lýsinguna í heild til að fá heildarmynd af útgefanda. Skal samantekt útgefanda lesast sem kynning á lýsingunni, en ákvörðun um fjárfestingu skal tekin á grundvelli lýsingarinnar í heild. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um Útgefanda á heimasíðu SPRON hf. (www.spron.is).

Enginn aðili hefur heimild til þess að veita upplýsingar eða ábyrgjast staðhæfingar umfram það er fram kemur í þessari lýsingu. Fjárfestar geta ekki reitt sig á slíkar yfirlýsingar eða staðhæfingar.

Upplýsingar í lýsingu þessari eru byggðar á forsendum og aðstæðum á útgáfudegi. Þessar forsendur og aðstæður kunna að breytast eftir útgáfudag. Fjárfestar eru þess vegna hvattir til þess að kynna sér allar upplýsingar varðandi útgefanda er birtar hafa verið opinberlega og treysta ekki eingöngu á upplýsingar í þessari lýsingu.

Lýsing þessi er ekki ætluð til dreifingar með neinum hætti í löndum þar sem slík dreifing er ólögmat eða krefst samþykkis eða skráningar hjá opinberum eftirlitsaðila.

Útgefandi getur ekki ábyrgst að hann muni standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt bréfunum. Fjárfestar verða að treysta á eigin ákvarðanatöku og hafa hliðsjón af markaðsaðstæðum og rekstrarumhverfi útgefanda, væntanlegum hagnaði af rekstri og áhættum tengdum fjárfestingunni. Fjárfestar eru hvattir til þess að leita sér ráðgjafar utanaðkomandi aðila áður en ákvörðun um fjárfestingu er tekin.

4. HELSTU UPPLÝSINGAR

4.1. HAGSMUNIR EINSTAKLINGA OG LÖGAÐILA SEM TENGJAST ÚTGÁFUNNI

Útgefanda er ekki kunnugt um hagsmuni aðila er tengjast útgáfunni sem eru ósamrýmanlegir hagsmunum sem skipta máli fyrir útgáfuna.

4.2. ÁSTÆÐUR FYRIR ÚTBODINU OG RÁÐSTÖFUN SÖLUANDVIRÐIS ÚTBOÐS

Skuldabréf þau er verðbréfalýsing þessi tekur til hafa þegar verið boðin út og seld fagfjárfestum. Bréfin voru gefin út sem liður í almennri fjármögnun útgefanda á starfsemi sinni. Áætlaður heildarkostnaður vegna útgáfu og töku bréfanna til viðskipta er kr. 1.130.000.

5. UPPLÝSINGAR UM SKULDBRÉFIN

Útgáfudagur

Skuldabréfin voru gefin út í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. hinn 11. júní 2007.

Vörsluaðili

Bréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. sem starfar í samræmi við lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Skuldabréfin eru gefin út í íslenskum krónum og eru að nafnverði kr. 2.500.000.000. Fjöldi bréfa eru 500 talsins í kr. 5.000.000 einingum.

Auðkenni

Auðkenni bréfanna er SPR 07 2 og ISIN-auðkenni IS0000015030. Bréfin eru nafnbref og rafrænt skráð í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf., Laugavegi 182, Reykjavík. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum (ISK).

Gildistími

Bréfin eru afleiðutengd skuldabréf, þar sem 95% af höfuðstól er greiddur af útgefanda í einni greiðslu á lokagjalddaga 11. júlí 2008. Bréfin innhalda afleiðu, nánar tiltekið kauprétt á hlutabréf Straums-Burðarás Fjárfestingabanka, sem er á gjalddaga 11. júlí 2008. Nánari útreikningar á ávöxtun fjárfesta má sjá hér að neðan (undir fyrirsögninni “Vextir”).

Bréfin eru ekki verðtryggð.

Greiðslur

Á gjalddaga fá eigendur skuldabréfanna 95% höfuðstól skuldabréfanna endurgreiddan. Á gjalddaga fá eigendur skuldabréfanna jafnframt greidda ávöxtun sem miðast við útgefna afleiðu á Straum-Burðarás Fjárfestingabanka, með grunnengið 21,15. Ef engin hækkun verður á vísitölunni á tímabilinu, verður ekki greidd út ávöxtun.

Umsjónaraðili

Glitnir banki hf., Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík er söluaðili og umsjónaraðili skráningarinnar.

Ákvæði sem hafa áhrif á forgangsröðun og önnur réttindi:

Engin hlunnindi eru tengd bréfunum. SPRON hf. kt. 540502-2770, ábyrgist skilvísa og skaðlausa endurgreiðslu á 95% af nafnvirði bréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu bréfanna. Bréfin eru ekki víkjandi gagnvart yfirstandandi eða framtíðarskuldbindingum útgefanda.

Engin ákvæði eru um forgangsröðun þessara verðbréfa að öðru leyti gagnvart öðrum verðbréfum.

Vextir

Bréfin bera ekki vexti. Á gjalddaga greiðir útgefandi 95% af nafnvirði bréfanna, umfram ávöxtun greiðist með útgafinni afleiðu á Straum-Burðarás Fjárfestingabanka sem hefur grunnengið 21,15.

Ávöxtun afleiðu er reiknuð m.v. meðaltalsdagslokagengi Straums-Burðarás Fjárfestingabanka, sbr. eftirfarandi formúlu:

$$\text{Ávöxtun} = \left(\frac{\left(\sum_{n=0}^4 G^{T-n} \right) / 7}{G^0} \right) - 1$$

þar sem:

G^T er dagslokagengi á lokagjalddaga

G^{T-n} er dagslokagengi n viðskiptadögum fyrir lokagjalddaga

G^0 er grunnengi sammings

T er lokagjalddagi

Greiðsla til fjárfesta á lokagjalddaga verður því:

$$\text{Greiðsla} = (95\% + 1,2 \cdot \text{Max}(0; \text{Min}(\text{ávöxtun}; 40,0\%))) \times \text{höfuðstóll}$$

Vísitala

Bréfin eru óverðtryggð.

Fyrning

Höfuðstóll bréfanna fyrnist á tíu árum frá gjalddaga 11. júlí 2008, skv. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

Gjalddagi

Lokagjalddagi bréfanna er 11. júlí 2008. Greiðist þá 95% af höfuðstól þeirra í einni greiðslu, ásamt hugsanlegri greiðslu sem afleiðan greiðir. Engin uppgreiðsluheimild er á bréfunum.

Glitnir banki hf. sér um útreikning á greiðslum þegar þær falla á gjalddaga.

Greiðsla afborgana

Höfuðstóll bréfanna verður, fyrir milligöngu Verðbréfaskráningar Íslands hf., greiddur á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur bréfanna hafa VS reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlega greiðslur inn á reikninga eigenda.

Gagnvart útgefanda skoðast yfirlit Verðbréfaskráningar Íslands hf. um eigendur skuldabréfanna fullgild sönnun fyrir eignarétti.

Vanskil greiðslna

Verði um vanskil skuldara að ræða er heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Þegar skuldin er fallin í gjalddaga samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 8. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum.

Ávöxtunarkrafa

Ekki liggur fyrir hver greiðsla verður til fjárfesta á lokagjalddaga bréfanna og því liggur ávöxtun ekki fyrir, en bréfin voru upphaflega seld á genginu 100, þ.e. á pari.

Heimildir:

Heimild fyrir útgáfu skuldabréfanna var tekin á stjórnarfundum SPRON hf. þann 21. febrúar 2007, en stjórnin tók ákvörðun um að gefa út 13 mánaða skuldabréf að fjárhæð kr. 2.500.000.000,- að nafnverði.

Framsal o.fl.:

Engar hömlur eru á endursölu bréfanna.

Bréfin skulu við eigendaskipti framseld til nafngreindra aðila. Engar frekari hömlur eru á framsali bréfanna. Gagnvart útgefanda skoðast yfirlit Verðbréfaskráningar um eigendur bréfanna sem fullgild sönnun fyrir eignarétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi bréfanna.

Til að fá aðgang að rafrænum bréfum sínum hjá Verðbréfaskráningu þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu og fela reikningsstofnuninni umsjón með verðbréfaeign, viðskipti og greiðslur til eigenda.

Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.

Skattar

Skattaleg meðferð bréfanna fer eftir gildandi skattalögum á Íslandi á hverjum tíma. SPRON er undanþegin greiðslu stimpilgjalds, sbr. 115 gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Varnarþing og lagaskil

Um bréfin gilda íslensk lög, sem upp eru talin í kafla 1.4. að ofan. Rísi mál út af bréfunum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, samkvæmt ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

6. TAKA BRÉFA TIL VIÐSKIPTA OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA

Bréfin hafa þegar verið skráð í rafrænt kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. sem starfar í samræmi við lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Bréfin eru 500 talsins í kr. 5.000.000 einingum. Auðkenni bréfanna er SPR 07 2 og ISIN auðkenni IS0000015030.

Útgefandi hefur sótt um að bréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sem starfræktur er af OMX Nordic Exchange Iceland hf. Kauphöllin starfar í samræmi við lög um kauphallir nr. 110/2007.

Áætlað er að bréfin verði tekin til viðskipta 1 júlí 2008.

Ekki verður gengið frá samningi við neina aðila um að starfa sem milliliðir á eftirmaarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum.

7. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

7.1. RÁÐGJAFAR

Ráðgjafi útgefanda við skráningu bréfanna á markað hefur verið Glitnir banki hf. (markaðsviðskipti). Glitnir banki hf. hefur séð um gerð verðbréfalýsingar þessarar, haft umsjón með útbóði til fagfjárfesta og veitt ráðgjöf m.a. varðandi stærð útgáfu, vaxtakröfu og markaðsverðmæti bréfanna við sölu.

7.2. UTANAÐKOMANDI UPPLÝSINGAR

Verðbréfalýsing þessi byggir ekki á yfirlýsingum frá utanaðkomandi sérfræðingum eða öðrum þriðja aðila.

7.3. LÁNSHÆFISMAT

Lánshæfi SPRON hf. hefur ekki verið metið af matsfyrirtækjum samkvæmt bestu vitund ábyrgra aðila.

7.4. NÝJAR UPPLÝSINGAR

Útgefandalýsing SPRON dagsett 18. október 2007 var útbúin í tengslum við frumskráningu SPRON hf. í kauphöll og staðfest af OMX Nordic Exchange Iceland samkvæmt samkomulagi við Fjármálaeftirlitið (FME). OMX Nordic Exchange Iceland samþykkti að taka bréf SPRON hf. til viðskipta á Aðalmarkaði OMX Ice frá og með þriðjudeginum 23. október 2007. Lýsingin var birt 19. október 2007 á heimasíðu SPRON hf., www.spron.is og á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Samkvæmt heimild í 49. gr. laga um verðbréfaútskipti nr. 108/2007 verður ný útgefandalýsing ekki samin heldur greint hér frá því sem hefur átt sér stað í rekstri útgefanda, SPRON hf., frá því framangreind útgefandalýsing var gefin út og getur haft áhrif á mat fjárfesta.

7.4.1 Fjárhagsupplýsingar

Hér á eftir fer fram umfjöllun og yfirlit yfir þróun og rekstur SPRON árið 2007 og fyrsta ársfjórðung 2008. Engar mikilvægar breytingar hafa átt sér stað á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda frá lokum síðasta fjárhagstímabils.

7.4.1.1. Yfirlit ársfjórðunga

Frá birtingu framangreindrar útgefandalýsingar hefur SPRON birt árshlutareikning fyrir fyrsta ársfjórðung 2008. Árshlutareikningur fyrsta ársfjórðungs 2008 er felldur inn með tilvísun, en hann er að finna á heimasíðu SPRON, www.spron.is. Allar upphæðir sem fram koma í töflum eru í milljónum króna. eru reikningarnir kannaðir án fyrirvara af KPMG endurskoðun hf., Borgartúni 27, Reykjavík. Sigurður Jónsson, löggiltur endurskoðandi, annaðist starfið.

	1F 2008	4F 2007	3F 2007	2F 2007	1F 2007
Hreinar vaxtatekjur	830	800	746	635	465
Hreinar þjónustutekjur	335	629	360	230	312
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum	-5.112	-5540	205	4.857	5.081
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna	-4.915	-5.441	-1.100	2.444	808
Ýmsar rekstrartekjur	55	3.440	112	95	48
Hreinar rekstrartekjur	-8.807	-7.510	324	8.260	6.714
Rekstrargjöld samtals	-1316	-1598	-1298	-1470	-1053

Virðisrýmun útlána	-293	-139	-75	-173	-112
Hagnaður (tap) fyrir skatta	-10.416	-7819	-1049	6.618	5549
Tekjuskattur	1.969	1.826	200	-1.179	-859
Hagnður (tap) tímabilsins	-8.447	-5993	-850	5439	4690
Hagnaður (tap) hluthafa	-8447	-5993	-850	5.439	4.690

7.4.1.2. Eignir á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 2007

	31.3.2008	31.12.2007
Sjóður og óbundnar innistæður í Sí	5.412	10.332
Kröfur á lánastofnanir	13.274	3.728
Útlán til viðskiptavina	176.836	161.630
Veltufjäreignir	25.733	27.508
Fjäreignir tilgreindar á gangvirði	26.615	12.666
Hlutdeildarfélag	1.083	2.575
Rekstrarfjármunir	2.327	2.060
Óefnislegar eignir	1.649	1.713
Aðrar eignir	1.779	1.983
Heildareignir	254.708	224.195

7.4.1.3. Skuldir og eigið fé á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 2007

	31.3.2008	31.12.2007
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Sí	17.479	8.513
Almenn innlán	93.991	85.410
Veltufjárskuldir	7.863	725
Lántökur	101.239	89.097
Víkjandi lán	10.963	5.443
Lífeyrisskuldbindingar	721	714
Skattskuldir	1.052	2.905
Aðrar skuldir	3.587	3.639
Skuldir samtals	236.894	196.435
Eigið fé samtals	17.813	27.761
Skuldir og eigið fé samtals	254.707	224.196

7.4.1.4. Helstu niðurstöður á fyrsta ársfjórðungi 2008

- Tap fyrir skatta nam 10,4 milljörðum króna en allar skráðar eignir eru færðar á markaðsvirði. Neikvæð þróun á á hlutabréfamarkaði á fyrsta ársfjórðunig olli gengistapi í Exista sem nam 8,2 milljörðum króna og veltubók sem nam 2,0 milljarði króna
- Minni markaðsáhætta með sölu allra eigna úr veltubók á tímabilinu
- Hreinar vaxtatekjur námu 830 milljónir króna og jukust um 79% frá sama tímabili í fyrra
- Hreinar þjónustutekjur námu 335 milljónum króna og jukust um 7% frá sama tímabili í fyrra
- Hreinar rekstrartekjur voru neikvæðar um 8,8 milljarða króna
- Afkoma reiknaðs grunnrekstrar var 876 milljónir króna með 12,6% arðsemi eigin fjár eftir skatta

- Innlánaaukning var 10% frá árslokum 2007
- Innlán voru 53,2% af heildarútlánnum til viðskiptamanna
- Heildarútlán til viðskiptamanna námu 176,8 milljörðum króna
- Heildareignir 254,7 milljarðar króna og hafa aukist um 13,6% frá árslokum 2007
- Eigið fé nam 17,8 milljörðum króna
- Arðgreiðsla á tímabilinu nam 1,6 milljarði króna vegna ársins 2007
- Víkjandi lán að upphæð 5 milljarða króna tekið á fjórðungnum
- Eiginfjárhlutfall (CAD) SPRON samstæðunnar var 14,1%
- Endurfjármögnun lokið fyrir árið 2008 – tryggt aðgengi að lausafé fram til ársins 2010.

7.4.1.5. Niðurstöður ársreiknings 2007

Frá birtingu framangreindrar útgefandalýsingar hefur SPRON einnig birt ársreikning fyrir árið 2007. Ársreikningur fyrir árið 2007 er felldur inn með tilvísun og er hann að finna á vefsíðu SPRON, www.spron.is. Reikningurinn var endurskoðaður án fyrirvara af KPMG endurskoðun hf., Borgartúni 27, Reykjavík. Sigurður Jónsson, löggiltur endurskoðandi, annaðist starfið. Upplýsingar úr ársreikningnum má sjá hér að neðan.

7.4.1.6. Rekstrarreikningur

- Hagnaður SPRON á árinu 2007 nam 3.299 milljónum króna fyrir skatta samanborið við 10.879 milljónir króna árið 2006. Hagnaður eftir skatta nam 3.287 milljónum króna í samanburði við 9.010 milljónir króna árið 2006.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 11,5% á árinu. Tap af rekstri nam 5.993 milljónum króna eftir skatta á fjórða ársfjórðungi, sem skýrist af gengistapi vegna hlutabréfaeignar félagsins.
- Hreinar rekstrartekjur á árinu námu 9.216 milljónum króna og lækkuðu um 39,4% frá árinu 2006. Hreinar rekstrartekjur voru neikvæðar um 6.082 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi.
- Hreinar vaxtatekjur námu 2.646 milljónum króna á árinu, í samanburði við 2.415 milljónir króna árið 2006.
- Vaxtatekjur á árinu námu 20.932 milljónum króna, í samanburði við 14.537 milljónir króna árið 2006 og jukust um 44%. Vaxtagjöld námu 18.286 milljónum króna í samanburði við 12.123 milljónir króna árið 2006 og hafa aukist um 51%. Hreinar vaxtatekjur námu 800 milljónum króna á fjórða ársfjórðungi.
- Vaxtamunur, sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings var 1,3% í samanburði við 1,7% árið 2006.
- Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 1,7% árið 2007 í samanburði við 2,2% árið 2006. Töluverðra áhrifa af verðbólgu gætir í vaxtamun SPRON og útskýrir að hluta lægri vaxtamun á árinu í samanburði við árið 2006.
- Hreinar þjónustutekjur námu 1.531 milljónum króna á árinu 2007 í samanburði við 975 milljónir króna árið 2006 og hafa aukist um 57%. Hreinar þjónustutekjur námu 629 milljónum króna á fjórða ársfjórðungi.
- Aðrar rekstrartekjur árið 2007 námu 5.039 milljónum króna og lækkuðu um 57,3% frá árinu 2006. Aðrar rekstrartekjur voru neikvæðar um 7.510 milljónir króna á fjórða

ársfjórðungi. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum námu 4.602 milljónum króna í samanburði við 10.116 milljónum króna árið 2006 og lækkaði um 54%. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna var neikvæð um 3.259 milljónir króna í samanburði við 1.407 milljóna króna hagnað árið 2006.

- Á árinu seldi SPRON hluta af hlutabréfaeign sinni í Exista til Kistu-fjárfestingarfélags, en eignarhlutur Kistu í Exista nam 8,9% í lok árs 2007. Kista-fjárfestingarfélag er hlutdeildarfélag SPRON og var eignarhlutur SPRON í Kistu 48,4% í lok árs 2007.
- Í nóvember seldi SPRON 19,4% hlut í Icebank og eftir sölu á SPRON 5,2% í Icebank. Söluhagnaður var færður til bókar á fjórða ársfjórðungi 2007 og nam söluhagnaðurinn um 3,1 milljörðum króna.
- Rekstrarkostnaður árið 2007 nam 5.419 milljónum króna og jókst um 35% frá fyrra ári. Launakostnaður var 2.398 milljónir króna, samanborið við 1.926 milljónir króna árið 2006. Stöðugildi voru 286 í lok árs 2007, samanborið við 245 árið 2006. Annar rekstrarkostnaður nam 2.845 milljónum króna á árinu 2007 samanborið við 1.974 milljónir króna árið 2006.
- Virðisrýrnun útlána árið 2007 nam 498 milljónum króna í samanburði við 308 milljónir króna árið 2006.
- Tekjuskattur á árinu nam 12 milljónum króna í samanburði við 1.868 milljónir árið 2006. SPRON nýtir sér heimildir í skattalögum til frestunar á greiðslum á tekjuskatti vegna söluhagnaðar á eignarhlutum í félögum, meðal annars í tengslum við fjárfestingu í dótturfélögum. Ekki er færð tekjuskattsskuldbinding vegna dótturfélaga.

7.4.1.7. Efnahagsreikningur

- Heildareignir SPRON námu 224.196 milljónum króna í lok árs 2007 í samanburði við 184.501 milljónir króna í lok árs 2006 og hafa því vaxið um 22% á árinu.
- Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka Íslands námu 10.332 milljónum króna í samanburði við 2.432 milljónir króna 2006 og jukust um 325%.
- Kröfur á lánastofnanir námu 3.728 milljónum króna í lok árs 2007 í samanburði við 7.223 milljónir króna í lok árs 2006.
- Útlán til viðskiptamanna námu 161.630 milljónum króna í lok árs 2007 í samanburði við 128.296 milljónir króna í lok árs 2006. Útlánaaukningin á árinu er því 26% en íbúðalán til einstaklinga eru 60% af útlánasafni SPRON og 80% af útlánunum eru með fasteignaveði.
- Veltufjáreignir námu 27.508 milljónum króna í lok árs 2007 og hafa vaxið um 35% frá áramótum. Fjáreignir á gangvirði námu 12.666 milljónum króna í lok árs 2007 og hafa lækkað um 24% frá 2006. Eignir í hlutdeildarfélögum námu 2.575 milljónum króna í lok árs 2007, í samanburði við 4.580 milljónir króna í lok árs 2006. Á árinu seldi SPRON hluta af hlutabréfaeign sinni í Exista til Kistu fjárfestingarfélags og skýrir það lækkan fjáreigna á gangvirði og hækkun á eignum í hlutdeildarfélögum á tímabilinu, en til lækkunar á eignum í hlutdeildarfélögum kom hlutdeild í tapi Kistu fjárfestingarfélags hf. og sala á hlutabréfum í Icebank hf.
- Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka Íslands námu 8.513 milljónum króna í lok árs 2007 í samanburði við 11.524 milljónir króna í lok árs 2006.
- Innlán frá viðskiptavinum SPRON námu 85.410 milljónum króna í lok árs 2007 og hafa vaxið um 51% frá 2006. Innlán frá viðskiptavinum sem hlutfall af útlánunum til viðskiptavina var 53% í samanburði við 44,1% í lok árs 2006.

- Lántaka SPRON nam 89.097 milljónum króna í lok árs 2007 í samanburði við 69.642 milljónir króna í lok árs 2006. Víkjandi lán námu 5.433 milljónum króna í lok árs 2007 samanborið við 5.216 milljónir króna í lok árs 2006.
- Eigið fé SPRON nam 27.761 milljónum króna í lok árs 2007 í samanburði við 34.776 milljónir króna í lok árs 2006. Á tímabilinu var greiddur út arður að upphæð 8.949 milljónir króna. Eiginfjárlutfall SPRON samkvæmt CAD reglum var 13,4% í lok árs 2007. Eiginfjárlutfall A var 19,9%.
- Þann 31. desember var útgefið hlutafé félagsins 5.004.000.000 að nafnvirði. Hluthafar SPRON þann 31. desember voru samtals 2231. Stærsti hluthafinn er SPRON-sjóðurinn ses og er hann eini hluthafinn með yfir 10% hluta fjáreign, en hlutafjáreign sjóðsins nam 14,59% í lok árs 2007.
- Fjármögnun SPRON hvílir að stórum hluta á innlánnum og SPRON sparisjóður og Netbankinn fjármagna sig alfarið með innlánnum. Fyrir samstæðuna í heild er hlutfallið 53%. Áhersla var lögð á aukningu innlána á árinu og jukust þau um 51% frá 2006.

7.4.2. Aðalfundur SPRON hf. 27. febrúar 2008.

Aðalfundur SPRON hf. var haldinn 27.febrúar 2008. Eftirfarandi tillögur voru samþykktar á fundinum:

1. Tillaga stjórnar um ráðstöfun hagnaðar og greiðslu arðs.

Aðalfundur SPRON hf. samþykkir að helmingur hagnaðar eftir skatta, eða 1.643 millj.kr., verði greiddar í arð til hluthafa á árinu 2008 vegna ársins 2007. Arður á hlut er 0,33 krónur. Arðleysisdagurinn er 28. febrúar og arðsréttindadagurinn 3. mars.

Hluthafar eiga kost á að taka arðinn að hluta eða öllu leyti í formi hlutabréfa í SPRON hf. á kauphallargenginu 5,62. Hluthafar skulu tilkynna félaginu vilja sinn í þessum efnum fyrir lok dags 3. apríl 2008. Þeir sem ekki óska eftir hlutum í SPRON hf. fá arðinn greiddan í reiðufé þann 10. apríl 2008.

2. Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum félagsins

Aðalfundur samþykkir að nýr málslíður komi í 1. mgr. 13. gr. samþykta SPRON hf. og verði sá næst síðasti svohljóðandi:

“Gildir það hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild.”

3. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu

Aðalfundur SPRON hf. samþykkti eftirfarandi starfskjarastefnu félagsins:

Starfskjarastefna SPRON hf. er sett með það að markmiði að halda í og laða að hæfa og metnaðarfulla stjórnendur og starfsmenn. SPRON hf. byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgum og hæfum starfsmönnum. Leitast félagið við að bjóða gott starfsumhverfi,

þar með talin starfskjör, til að gera SPRON hf. að eftirsóknarverðum valkosti á vinnumarkaði.

Stjórn SPRON hf. hefur samþykkt eftirgreinda starfskjarastefnu fyrir félagið skv. 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og almenn viðmið atvinnulífsins um góða stjórnarhætti.

Stjórn SPRON hf. mun skipa sérstaka starfskjaranefnd til ráðgjafar fyrir stjórn varðandi starfskjör forstjóra. Hlutverk nefndarinnar verður að leggja drög að samningi við forstjóra um laun og önnur starfskjör og móta stefnu um kjaratengd málefni félagsins s.s. árangurstengingu launa og kauprétti að hlutabréfum í félaginu.

Starfskjaranefnd skal taka starfskjarastefnu SPRON hf til endurskoðunar árlega og leggja fyrir aðalfund félagsins til samþykktar.

Starfskjör stjórnarmanna eru ákveðin á aðalfundi félagsins ár hvert.

Við ákvörðun um starfskjör forstjóra skal horfa til launakjara í sambærilegum störfum á fjármálamarkaði og taka mið af menntun, reynslu og fyrri störfum. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við forstjóra og skulu þar koma fram starfskjör umfram grunnlaun s.s. kaupréttur, greiðslur í lífeyrissjóð, hlunnindi og uppsagnarfrest.

Forstjóri semur um starfskjör við framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur móðurfélagsins, svo sem um kaupaukagreiðslur, lífeyrisframlag og hlunnindi. Við ákvörðun launa stjórnenda skal taka mið af umfangi og ábyrgð starfsins, ásamt frammistöðu og framtíðarmöguleikum stjórnandans innan fyrirtækisins.

Ákvörðun um starfskjör framkvæmdastjóra dótturfélaga eru í höndum stjórnar viðkomandi dótturfélags.

Við starfslok stjórnenda skulu greiðslur að jafnaði byggjast á ráðningarsamningi viðkomandi.

Kaupréttaráætlun SPRON hf. gerir ráð fyrir að allir fastir starfsmenn félagsins hafi kost á að fjárfesta í hlutum í félaginu. Kaupréttaráætlunin nær til starfsmanna móðurfélagsins og dótturfélaga innan samstæðunnar og er gerð til þriggja ára.

Með eignarhaldi á hlutum í félaginu er talinn skapast aukinn hvati hjá starfsmönnum til að stuðla enn betur að áframhaldandi vexti og árangri þess.

Starfsmenn eiga kost á að fjármagna kaup á hlutum í félaginu með lánum sem veitt verða í samræmi við almennar reglur um útlán SPRON hf. Kaupréttir geta í heild numið allt að 4% af útgefnu hlutafé SPRON hf á hverjum tíma.

Starfskjarastefnan er bindandi fyrir stjórn SPRON hf að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og aðra samninga eða greiðslur sem fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, skv. 79 gr. laga um hlutafélög 2/1995. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir stjórn SPRON hf. Ef vikið er frá starfskjarastefnunni í veigamiklum

atriðum skulu frávik færð í gerðarbók stjórnar ásamt rökstuðningi. Greina skal frá slíkum frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

Stefnan var fyrst samþykkt á hluthafafundi SPRON hf. 21. ágúst 2007 og var lögð óbreytt fyrir aðalfund SPRON hf. 27. febrúar 2008 til staðfestingar.

4. Eftirtaldir aðilar voru sjálfkjörnir sem aðal- og varamenn í stjórn SPRON hf:

Aðalmenn:

Ari Bergmann Einarsson, 070649-7999

Ásgeir Baldurs, 171172-5439

Erlendur Hjaltason, 020855-5849

Margrét Guðmundsdóttir, 160154-2419

Rannveig Rist, 090561-2359

Varamenn:

Vilhjálmur Þ Vilhjálmsson, 260446-4369

Esther Guðmundsdóttir, 100748-2909, Kjalarland 5

Guðmundur Arnaldsson, 300945-2799, Kringlunni 93

Birkir Baldvinsson, 070940-4349

Rögvald Othar Erlingsson, 020257-7419

5. Kosning endurskoðanda

Aðalfundur SPRON hf. kaus KPMG Endurskoðun hf. sem endurskoðunarfélag SPRON. Af hálfu firmans annast Sigurður Jónsson löggiltur endurskoðandi endurskoðunarstarfið. Um greiðslu þóknar fer samkvæmt reikningi.

6. Breytingartillaga um þóknun stjórnar fyrir næsta kjörtímabil

Aðalfundur SPRON samþykkir að þóknun hvers stjórnarmanns skulu vera kr. 120.000,- á mánuði, kr. 210.000,- fyrir stjórnarformann og að varamenn hljóti 50.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

7. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum fyrir hönd félagsins

Aðalfundur SPRON hf. samþykkti að veita stjórn heimild til þess að kaupa eigin hluti í félaginu eða taka þá að veði. Heimildin standi í 18 mánuði og takmarkist við að samanlögð kaup og veðsetning hluta fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupverð hluta skal vera lægst 10% lægra og hæst 10% hærra, en skráð kaup- og sölugengi í OMX ICE.

Að loknum aðalfundi hélt ný stjórn SPRON hf. stjórnarfund og skipti með sér verkum. Erlendur Hjaltason var kjörinn stjórnarformaður og Ásgeir Baldurs varaformaður.

7.4.3. Upplýsingar um stjórnarmenn

Erlendur Hjaltason, stjórnarformaður, forstjóri Exista hf. Heimilisfang: Ármúli 3, 108 Reykjavík. Tengdir aðilar: Öryggismiðstöð Íslands hf, Lýsing hf. Heildarlaun 2007 fyrir stjórnarsetu hjá SPRON :2.260.000,-. Eign í SPRON: 2.972.021 að nafnvirði. Eign fjárhagslega tengdra aðila: 0 kr.

Meðstjórnendur

Ásgeir Baldurs, varaformaður, framkvæmdastjóri Sectors ehf. Heimilisfang: Lómasalir 13, 201 Kópavogur. Ásgeir var áður framkvæmdastjóri Vátryggingafélags Íslands hf. Tengdir aðilar: Frumherji ehf. Heildarlaun 2007 fyrir stjórnarsetu hjá SPRON: 2.260.000,- . Eign í SPRON: 214.860 að nafnvirði. Eign fjárhagslega tengdra aðila: 0kr.

Ari Bergmann Einarsson, útibússtjóri hjá SPRON. Heimilisfang: Skeifan 11, 108 Reykjavík. Tengdir aðilar: Stjórnarseta í Arol ehf. Heildarlaun 2007 fyrir stjórnarsetu hjá SPRON: 2.260.000,- Eign í SPRON: 520.152.000,- að nafnvirði. Eign fjárhagslega tengdra aðila: 30.815.333,- krónur að nafnvirði.

Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma. Heimilisfang: Lynghálsi 13, 110 Reykjavík. Tengdir aðilar: Eignarhaldsfélagið Lyng ehf. Eign í SPRON: 0 kr. Eign fjárhagslega tengdra aðila: 0

Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi. Heimilisfang: Straumsvík. Tengdir aðilar: Varaformaður í stjórn Skipta hf. Eign í SPRON: 0 kr. Eign fjárhagslega tengdra aðila: 0

Varamenn

Birkir Baldvinsson, Birkir hefur verið í eigin atvinnurekstri í áratugi og eigandi að félögum sem talin eru upp hér að neðan. Tengdir aðilar: Birkir Baldvinsson ehf. (stjórnarformaður), Kentucky Fried Chicken S.A Luxembourg (eigandi og stjórnarformaður), Loch Ness S.A. Luxembourg (eigandi og stjórnarformaður), Air ABC S.A Luxembourg (stofnandi og stjórnarformaður), Fossborg ehf. og Alþjóða Fjárfestingafélagið Reykjavík (eigandi og stjórnarformaður). Eign í SPRON: 0 kr. Fjárhagslega tengdur aðili: 98.423.532,-

Esther Guðmundsdóttir, Esther hefur ekki verið í öðru starfi en stjórnarmennsku síðan 2003. Eign í SPRON:

297.202,-. Fjárhagslega tengdur aðili: 297.202,-

Guðmundur Arnaldsson, Guðmundur hefur rekið eigin bókhalds- og ráðgjafastofuna Rekstrarverktak ehf. frá árinu 1998. Eign í SPRON: 20.767.136,- Fjárhagslega tengdur aðili: 5.944.042,-

Rögnvaldur Othar Erlingsson, Rögnvaldur er sjálfstætt starfandi. Eign í SPRON: 5.233.756,- Fjárhagslega tengdur aðili: 0

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi. Eign í SPRON: 73.517,- Fjárhagslega tengdur aðili: 0

Engin laun voru greidd til varamanna árið 2007.

7.4.4. Framkvæmdastjóri fjárfestinga SPRON

Ragnar Þórir Guðgeirsson hefur verið ráðinn í starf framkvæmdastjóra fjárfestinga SPRON frá og með 1. mars 2008. Ragnar er viðskiptafræðingur frá HÍ og hefur löggildingarpróf í endurskoðun. Hann starfaði hjá KPMG frá 1989 til 2004, fyrst við endurskoðun en síðan sem framkvæmdastjóri KPMG Ráðgjafar. Frá sameiningu KPMG Ráðgjafar og IMG, sem nú starfa undir merkjum Capacent, annaðist Ragnar fyrst stjórnun á íslenska hluta starfseminnar og varð síðar framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Capacent International.

Hjá Ragnari eru engir hagsmunaárekstrar milli skyldustarfa fyrir SPRON og persónulegra hagsmuna hans og/eða annarra skyldustarfa.

Engir augljósir hagsmunaárekstrar eru milli stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í störfum sínum fyrir útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra og eða starfa fyrir aðra aðila.

7.4.5. Víkjandi lán

SPRON tilkynnti þann 1. apríl 2008 um töku 5 milljarða kr. víkjandi láns frá Kaupþingi hf. Lántakan er til 10 ára. Tilgangurinn með lántökunni er að renna enn styrkari stöðum undir eiginfjárgrunn félagsins.

7.4.6. Nýjar upplýsingar frá birtingu síðustu fjárhagsupplýsinga

Í lok apríl 2008 var tilkynnt um viðræður milli stjórnenda Kaupþings og SPRON um hugsanlega sameiningu bankanna tveggja. Ekki tókst að ljúka viðræðum innan fjögurra vikna eins og forsvarsmenn bankana höfðu vonast til og standa viðræður enn yfir við gerð lýsingar þessarar.

Í byrjun júní synjaði Fjármálaeftirlitið (FME) áformaða sölu á 3% eignarhlut Spron, Byr og Netbankans í Icebank til Sparisjóðs Mýrarsýslu (SPM), en við kaupin fór eignarhlutur SPM yfir 9,99%. Hlutur SPRON í sölu var 1,17% eignarhlutur í Icebank. FME hafnaði umsókninni á þeim

forsendum að það hefði of mikil áhrif á eignarfjárhlutfall sjóðsins að eignast umræddan hlut í Icebank auk þess sem meiri hætta væri á hagsmunaárekstrum en áður. Að mati útgefanda hefur þetta hins vegar óveruleg áhrif á eiginfjárstöðu SPRON þar sem hluturinn í Icebank var dreginn frá eiginfjárstofni í uppgjöri fyrsta ársfjórðungs 2008, en ekki færður sem krafa á SPM. Vegna þessa hefur SPRON gjaldfært 214 m.kr. Eiginfjárhlutfall CAD breytist óverulega eða um 0,01%.

7.4.7. Hluthafar

Eftirfarandi hluthafar eiga meira en 5% af útgefnu hluta fé SPRON miðað við 27. júní 2008.

SPRON - sjóðurinn ses	14,98%.
Tuscon Partners Corporation	6,81%
Arion safnreikningur	5,5%

Samtals 27,29%

SPRON er ekki kunnugt um að samkomulag sé á milli hluthafa sem getur haft áhrif á meðferð atkvæðisréttar. Ekki er um að ræða yfirráð neins aðila.

7.4.8. Eign í félögum

Félag	Eign
nb.is-sparisjóður hf.	100%
Rekstrarfélag Spron hf.	100%
SPRON-Verðbréf hf.	100%
Frjálsi fjárfestingabankinn hf.	99,90%
SPRON Factoring hf.	57%
Kista-fjárfestingafélag ehf.	41,60%
Teris	24,20%
Creditinfo Group hf.	7,77%
Valitor hf.	4,40%
Exista hf.	2,41%

7.4.9. Mikilvægir samningar

Engir mikilvægir samningar hafa verið gerðir í hefðbundinni starfsemi útgefanda sem skipta máli fyrir möguleika útgefandans á að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar verðbréfin sem verið er að gefa út.

7.4.10 Upplýsingar um framtíðarhorfur

Skert aðgengi fyrirtækja og einstaklinga að lánsfé og lækkanir á hlutabréfamörkuðum að undanfögnu geta haft áhrif á starfsemi Útgefanda. Ef samdráttur í efnahagslífi bæði hér á landi og erlendis dregst á langinn getur það haft neikvæð áhrif á Útgefanda og fjárfestingar hans. Væntanlegir fjárfestar verða því að taka tillit til þess við mat á gjaldhæfi Útgefanda.

7.4.11 Dómsmál og gerðardómsmál

Engin mál eru til meðferðar, eða hafa verið síðustu tólf mánaði sem kunna að hafa haft eða hafa að undanfögnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda.

SPRON hefur ekki upplýsingar um lögsóknir eða hótanir um slíkt sem gætu haft áhrif á mat manna á virði víxla í flokki SPR 07 2

7.4.12. Skjöl til sýnis

Á líftíma skuldabréfanna, geta fjárfestar nálgast eftirfarandi upplýsingar á heimasíðu SPRON, www.spron.is :

- árshlutauppgjör SRPON vegna fyrsta ársfjórðung 2008
- ársreikning ársins 2007
- Ársskýrslur SPRON fyrir árið 2006 og 2007
- Samþykktir SPRON

7.4.13. Skjöl felld inn með tilvísun

Ársreikningur SPRON fyrir fjárhagsárið 2007 og árshlutareikningur SPRON fyrir fyrsta ársfjórðung 2008 eru hér með felldir inn í lýsingu þessa með tilvísun.